

greinilegan reikning fyrir septembermánaðarlok ár hvert. Reikningnum skal fylgja skýrsla um verk það eða tillag, sem borgunar er krafizt fyrir, reikning-
inn leggur oddviti þvínæst fram fyrir alla hreppsnefndina til yfirskodunar og
úrskurðar; samþykki hún reikninginn óbreyttan, fá hlutadeigendur upphæðina
borgaða, annaðhvort þá þegar af sveitarsjóði eða við niðurfjöfnun hreppsgjalda
það haust. Refaveidakostnaðarreikninga þá, sem ekki eru komnir til oddvita
fyrir hinn tiltekna dag, þurfa hreppsnefndir ekki að taka til greina, nema sjer-
staklega á standi.

Brot móti þessum kafla varðar sektum, 2—50 kr.

Allar sektir fyrir brot á reglugjörð þessari renna í viðkomandi sveitar-
sjóð.

40. gr.

Mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið með sem almenn
lögreglumál.

41. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Snæfellsness-
og Hnappadalssýslu um geldfjárrekstur á fjallönd, sauðfjármörk, fjallskil, rjett-
arhöld og eyðingu refa m. fl. frá 3. júlí 1895.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík 7. júní 1904.

J. Havsteen.

Fjallskilareglugjörð

fyrir Dalasýslu.

75
7. júní

Amtsráðið í Vesturamtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz
1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyt-
ing á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890 er hjermeð staðfest og
löggilt eptirfylgjandi

FJALLSKILAREGLUGJÖRÐ

fyrir Dalasýslu, sem er samin af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast
gildi 1. september 1904.

I. kaffi.

Um eyðing refa.

1. gr.

Fyrir hvert gren, sem finnst og yrðingar eru í, er skotmaður kemur að,
skal greiða 4 kr. í fundarlaun, og hæfilega þóknun fyrir að tilkynna hrepps-
nefndinni eða ráðnum skotmanni, að grenið sje fundið.

Heimilt er hreppsnefnd, er henni þykir ástæða til, að ráða menn til

75 grenjaleita gegn borgun úr sveitarsjóði. Skotmaður skal ávallt vera með í 7. júní slíkri leit.

2. gr.

Í hvert sinn sem gren finnst, skal tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd, er jafnskjótt gjörir advart skotmanni þeim, er hún áður á að hafa ráðið til grenjavinnslu í hreppnum. Öil vanræksla í þessu varðar sektum.

3. gr.

Fyrir fyrra dýrið, er skotmaður vinnur á greni hverju, ber honum 8 kr. en 16 kr. fyrir hið síðara, og 50 aurar fyrir hvern yrðling. Skotmaður skal kosta sig sjálfur, en vökumanni skal greiða 3 kr. um hvern sólarhring; að öðru leyti kostar hann sig sjálfur, eða húsbóndi hans, sje hann annara hjú. Til sannindamerkis skal skotmaður sýna hreppsnefnd skottið af tóum þeim og yrðlingum, er unnizt hafa, og brennir hreppsnefndin þau strax.

4. gr.

Ef einhver vinnur tóu með skoti, hundi, í boga eða á annan hátt, á þeim tíma, er skinnið er einkis virði sem verzlunarvara, skulu honum, fyrir hvert dýr, greiddar 4 kr. úr sýslusjóði; skottin afhendir hann þá á manntalsþingi, og skal þeim eytt þar. Fyrir að vinna bitvarg getur hreppsnefnd veitt hærri verðlaun, og greiðist þá það, sem umfram er 4 kr., úr sveitarsjóði. Auk þess að sýna skottin af unnum tóum, verða veiðimenn, ef þess er krafizt, að geta sannað með vottum að dýrin hafi verið unnin með skoti, hundi eða í boga.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, útvega og hafa til nægilegt eitur, og annast um að rækilega sje eitrad fyrir refi, á hentugum stöðum, á hverju ári.

6. gr.

Það skal með öllu bannað að ala yrðlinga lengur en á þeim þarf að halda á grenjum, vor hvert. Brot móti þessari grein varða sektum allt að 200 kr.

7. gr.

Allur kostnaður við eyðing refa, samkvæmt reglum þessum, annar en verðlaun þau, er sýslusjóður borgar samkvæmt 4. gr., greiðist úr hlutadeigandi sveitarsjóði.

II. kafli.

Um fjármörk og markaskrár.

8. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur að hafa glöggt mark á fje sínu. Þær kindur, er menn fá að á vorin, og geta ekki markað undir sitt mark, mega þeir alls ekki soramarka, heldur verða þeir að fá mark á þær hjá öðrum, og brennimerkja þær eða auðkenna eptir samkomulagi við markeiganda.

9. gr.

Markaskrá fyrir sýsluna skal prenta svo opt sem sýslunefndinni þykir

þurfa, og skal hreppsnefndin í hverjum hreppi annast um að safna öllum eyrna- og brennimörkum í hreppnum, og semja skrá yfir, í stafrófsröð. Hver markeigandi skal skýra hreppsnefndinni greinilega frá eyrna- og brennimarki sínu. — Skrárnar skulu síðan af hreppsnefndum sendar manni þeim, er sýslunefndin hefir falið að semja aðalmarkaskrána, en hann sendir svo handrit sitt, áður en prentun fer fram, mönnum þeim, er sýslunefndin hefir kosið. til endurskoðunar. 75
7. júní

III. kafli.

Um notkun upprekstrarlands.

10. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal annast um að þeir fjáreigendur, sem ekki eiga eða hafa nægileg heimalönd eða upprekstrarland fyrir fjenað sinn, fái upprekstur annarsstaðar í hreppnum þar sem fjalllendi er nægilegt; skal hún því jafna fjenu niður í löndin, að rjettri tiltölu, árlega, í marzmánuði. Er hver fjáreigandi skyldur að reka fje sitt á fjall samkvæmt ráðstöfun hreppsnefndarinnar, nema hann hafi sjálfur útvegað sjer upprekstur í öðrum hreppi, en það ber honum að hafa tilkynnt landeiganda þeim, er honum ber upprekstur hjá, í síðasta lagi 30. apríl., ella greiði hann honum upprekstartoll.

11. gr.

Í þeim sveitum, er að álitu hreppsnefndar hafa upprekstrarland aðeins fyrir sitt eigið fje, skal öllum búendum bannað að taka fje til upprekstrar úr öðrum sveitum eða sýslum; þó má landeigandi taka jafnmargt fje og þeim bar að reka í land hans, er nota rjett þann, sem veittur er í 10. gr., til að fá upprekstur utansveitar.

12. gr.

Upprekstartollur er 5 aurar fyrir hverja kind, er á fjall skal reka, svo lamb sem roska, ef eigi er öðruvísi um samið. Upprekstartollur skal greiddur fyrir lok októberm. ár hvert.

IV. kafli.

Um fjallgöngur á hausti.

13. gr.

Þrjár skulu vera fjallgöngur á hausti. Fyrsti leitardagurinn skal vera mánudagurinn í 22. viku sumars, og skal rjettað að morgni næsta þriðjudags nema í Dunksrjett, á Fellsströnd og í Saurbæ, en á þeim stöðum skal rjettað á mánudagskvöldið hið sama. sem leitað er. Annar leitardagur skal vera miðvikudagurinn í 22. viku sumars, nema í Hörðudal, þar sem hann er mánudaginn í 23. viku sumars og í Miðdölum, þar sem hann er fimtudaginn í sömu viku. Þriðja leit skal ávallt fara fram daginn fyrir skilarjettardaginn, ef veður leyfir, en annars sama dag. Fje úr annari leit skal ávallt rjettað sama daginn.

14. gr.

Hver fjáreigandi, undantekningarlaust, skal skyldur að gjöra fjallskil í sínum hreppi, eða í þess stað sækja fje í aðra hreppa eða rjettir, eptir því sem hreppsnefndin nákvæmara skipar fyrir í fjallskilaseðlinum. Nú tekur landeigandi

75 fje af utanhreppsmanni til uppreksturs, og skal hann þá fyrir lok ágústmánað-
7. júní ar skýra hreppsnefndinni frá því, hve margt það er, og ber honum þá að gjöra fjallskil fyrir það fje sem sitt eigið.

15. gr.

Hlutadeigandi hreppsnefnd skal útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, er stjórní göngum leitarmanna, og annast um að allt fari vel og skipulega fram.

16. gr.

Leitarstjórar skulu nákvæmlega gæta þess að allir þeir, sem fjallskil eiga að gjöra samkvæmt fjallskilaseðli, leggi til svo marga fullgilda menn, sem hreppsnefndin hefir ákveðið. Leitarstjóri skýrir hlífðarlaust hreppsnefnd frá, ef honum er óhlýðni sýnd, en hún kærir slíkt til sekta ásamt öllum brotum gegn reglugjörðinni.

17. gr.

Í fjalleitum þeim, sem ákveðnar eru í 13. gr., skal öllu geldfje safnað til lögrjettar, bæði úr heimalöndum og upprekstrarlöndum. Geldfje það, er kann að vera saman við búsmala á bæjum leitar daginn, er hver hlutadeigandi skyldur að draga frá og koma saman við fjallsafn eða til rjettar í tæka tíð. Enginn má í 1. leit reka fjallsafn heim á bæ sinn til að draga úr því geldfje sitt eða annara.

V. kafli.

Um rjettir og úrtíningsfje.

18. gr.

Valdi bygging lögrjettar grasnámi eða jarðusla, skal, ef þess verður krafizt, fullt endurgjald koma fyrir, af hreppsjóði, eptir mati óvilhallra manna, er rjetturinn útnefnir.

19. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að fjárrjettir sjeu í gildu standi, og skulu dilkar svo rúmgóðir að ekki þurfi að hleypa útúr þeim fyrri en fjárdrætti er lokið. Utanhreppsmenn skulu, í þeim lögrjettum, þar sem þeir eiga von á töluverðum fjenaði, skyldir að hlaða upp hæfilega stóra dilka, eptir nákvæmari fyrirsögn hreppsnefndar. Skyldur er hver jarðarabúandi og fjäreigandi, sem er í sjálfsmennsku, að vinna að rjettarbyggingu eða aðgjörð eptir skipun hreppsnefndarinnar.

20. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal ávallt vera viðstaddur rjettarhald, eða annar, er hann til þess kveður, til þess að hafa umsjón með því, að alt fari vel og skipulega fram, og skulu allir, er vinna ber að rjettarhaldinu, skyldir að hlýða fyrirskipunum þeirra.

21. gr.

Rjettarstjóri skal skipa hæfa menn til þess að lita eptir því, að fje ekki misdragist, að svo miklu leyti sem unnt er.

22. gr.

Rjett er að hreppsnefndin ákveði í leitarseðlinum, ef henni þykir þörf, 7. júní
hve marga menn hver fjáreigandi skuli leggja til í rjettina, og má enginn, sem
skyldur er að gegna rjettarstörfum, fara fyr í burtu en sundurdrætti er lokið,
nema rjettarstjóri leyfi. Leggi einhver fjáreigandi innan eða utan sveita svo
illa til rjettarstarfa, að töf verði að, er rjettarstjóra heimilt að ráða menn upp-
á hans kostnað til að draga fje hans.

23. gr.

Enginn má, í lögrjettum, marka kindur, nema með samþykki rjettarstjóra
og undir hans umsjón.

24. gr.

Rjettarstjóri skal annast um að ekki sjeu ómerkingar teknir úr rjettinni,
fyrri en sundurdrætti er lokið, nema mæður helgi sjer þá. Þá ómerkinga, sem
engin ær helgar sjer, skal geyma til annarar rjettar, ásamt öðrum úrtíningi, en
þá ómerkinga, sem ingen ær hefir helgað sjer í annari rjett, fær rjettarbóndi,
nema öðru vísi sje um samið og rjettartollur borgaður af sveitarsjóði, þá falla
ómerkingar til þess sjóðs. Mýjetningar skulu seldir strax í rjettinni og fellur
andvirði þeirra til sveitarsjóðs.

25. gr.

Skilarjettir skulu haldnar í lögrjett þá daga, er hjer segir :

Í Laxárdal miðvikudaginn í 23. viku sumars.

- Haukadal fimmtudaginn í 24. viku sumars.

- Miðdölum föstudaginn í 24. viku sumars.

- Hörðudal laugardaginn í 24. viku sumars.

- Hvammssveit fimmtudag í 24. viku sumars.

Á Fellsströnd, Skarðsströnd og í Saurbæ föstudag í 24. viku sumars.

Í Laxárdal leyfist að halda skilarjett á Svarfhóli.

26. gr.

Úrtíningur úr 1. og 2. rjett skal geymdur hjá áreiðanlegum manni, eptir
ráðstöfun hreppsnefndar, gegn 4 aura borgun um sólarhringinn fyrir hverja
sauðkind, er greiðist, þegar kindin er afhent, nema hreppsnefndir semji öðru
vísi sín á milli.

27. gr.

Allt það utansveitarfje, sem kemur fyrir í hreppnum eftir leitir, en fyr-
ir skilarjettardag, skal rekið bæ frá bæ, þangað sem úrtíningur er geymdur
og geymast ásamt honum. Sá, sem sleppir rekstri, eða fer óforsvaranlega með
hann, sæti sektum og greiði auk þess skaðabætur, ef sannað verður að kind
hafi farið fyrir vanrækslu hans.

28. gr.

Úrtíningsfje það, er ekki finnst eigandi að, eða ekki verður komið til
eiganda, skal selt við uppboð skilarjettardaginn að aflíðandi nóni.

29. gr.

Nú koma utanhreppskindur fyrir í einhverri sveit að aflokinni skilarjett

75 og þekkja menn eiganda; skulu þá kindur þessar, á kostnað eiganda geymdar í 7. júní vörzlum hreppsnefndarinnar, er gjörir eigendum sem fyrst aðvart. Hafi þeir ekki leitt sig að kindum þessum fyrir Marteinsmessu, skal selja þær við uppboð, er auglýst skal með nægum fyrirvara. Kindur þær, sem koma fyrir eptir skilarrjettir og enginn þekkist eigandi að, skulu þegar seldar við opinbert uppboð, er birt sje á lögboðinn hátt í hreppnum.

30. gr.

Lýsing á óskilafje því, er við uppboð er selt, og ekki þekkist eigandi að, skal við hver árslok send oddvita sýslunefndar, er sjer um að lýsingar þessar sjeu birtar í blaði því í Reykjavík, er flytur stjórnvaldaauglýsingar. Sá, er sannar eignarrjett siinn að hinu selda fje, fær andvirði þess, að frádregnum kostnaði, ef hann gefur sig fram fyrir Mikaelsmessu næstu á eftir.

VI. kafli.

Um ótamin hross.

31. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal í samráði við hlutaðeigandi kynbótanefnd gjöra ráðstöfun til þess að ótamin hross sjeu rekin á fjall eigi síðar en 8 vikur af sumri. Upprekstrartoll fyrir hvert hross skal greiða með 1 kr. 50 a., ef eigi er öðru vísi um samið. Smala skal hrossum til rjettar í þriðja leit. Með óskilahross skal fara á sama hátt sem með óskilakindur.

32. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—20 kr., nema hærri sektir liggi við eptir ákvæðum hinna einstöku greina reglugjörðarinnar.

Amtsráð Vesturamtsins, Reykjavík, 7. júní 1904.

J. Havsteen.

76

7. júní

Fjallskilareglugjörð

fyrir Skagafjardarsýslu.

Amtsráðið í Norðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda og lögum 24. nóvemb. 1893 um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt reglugjörð þessi, er skal öðlast gildi 1. september 1904.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Skagafjardarsýsla er eitt fjallskilafjelag, er skiptist í deildir, eptir því sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila. Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna